

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

373. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 07.04.2017, kl.07:30.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson, Bjarni Torfi Álfspórsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Rekstrarúttekt SSH á byggðasamlaginu.

Lögð fram fundargerð eigendafundar SORPU frá 3. apríl sl. þar sem farið var yfir rekstrarúttekt sem unnin er var af Framsækni 2015-2016. Jafnframt lögð fram umfjöllun starfsmanna SORPU um umrædda rekstrarúttekt.

Formanni stjórnar, framkvæmdastjóra og rekstrarráðgjafa er falið að fara yfir þá fyrirvara í umfjöllun starfsmanna Sorpu sem eru um kostnaðarauka sem felast í tilteknum hugmyndum í rekstrarúttekt, taka afstöðu til þess hvort þeir eigi við og hvort fara eigi í frekari greiningu og úrvinnslu á hugmyndunum. Einnig skal rekstrarúttektin í heild skoðuð í ljósi þeirrar framlegðaraukningar sem orðið hefur hjá byggðasamlaginu undanfarin ár. Jafnframt telur stjórnin að í ljósi þeirrar hagræðingarkröfu sem gerð er á byggðasamlagið að ekki verði hjá því komist að gaumgæfa vel möguleikann á fækkun og stækkun endurvinnslustöðvanna.

2. Kynning á rýnifundargerð stjórnenda

Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna niðurstöðu rýni stjórnenda.

3. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar SORPU 28. apríl kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:50

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Halldór Auðar Svansson
Sturla Þorsteinsson
Bjarni Torfi Álfspórsson
Bjarni Hjarðar
Kolbrún Þorsteinsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Björn H. Halldórsson